


# VSÓ RÁÐGJÖF



## EIB kerfi

## EIB kerfi


Ljós




Hiti



Gluggar/gardinur





Ofnar/loftræsing



-230/240V

NETSTRENGUR



### Hvað er EIB?

EIB (European Installation Bus) kerfi eða Instabus kerfi er forritanlegt rafkerfi sem getur stýrt og vaktað tæknikerfi bygginga. Kerfið er þannig uppbyggt að engin stjórnstöð eða miðlæg stýrieining er í kerfinu, heldur er það byggt upp af sjálfstæðum einingum sem “tala saman” um samskiptastreng á tengibraut (Bus-streng) sem lagður er á milli allra eininga kerfisins. Kerfið er hægt að byggja upp í áföngum, þannig að ekki þarf að ákvarða stærð og umfang kerfisins strax í upphafi.

Allir helstu framleiðendur rafbúnaðar í Evrópu hafa myndað með sér samtök sem nefnast EIBA (European Installation Bus Association) og framleiða búnað skv. einum staðli.



### Helstu möguleikar EIB:


- ljósa­stýring með möguleikum á að kveikja eða dimma í hverju rými fyrir sig, eða frá einum stað í byggingunni. Þessu er hægt að stýra með hnappi, fjarstýringu, tímastýringu, birtustigi, hreyfistýringu, eða PC tölvu
- stýring á búnaði, t.d. á sýningartjöldum og gardinum
- hitastýring, t.d. í hverju herbergi fyrir sig. Einnig getur hitastýring verið stillt á tíma og þannig er hægt að hækka og lækka hitastig eftir tíma dags
- vöktun og upplýsingasöfnun, s.s. vöktun á gluggum og hurðum, vöktun á mannaferðum, viðvörðunum og bilunum. Hægt er að safna upplýsingum um stöðu eininga í kerfinu eða frá öðrum kerfum með skjámyndum í PC tölvu
- tengingar með PC tölvu við önnur hússtjórnarkerfi og PLC stýringar og tenging um símalínur og gsm síma



### **Kostir EIB:**

Instabus kerfi gefur mikinn sveigjaleika og fjölbreytta notkunarmöguleika. Instabus kerfi getur nýst sem hússtjórnarkerfi fyrir tækniakerfi bygginga og getur sameinað fleiri kerfi í einu stýrikerfi. Instabus kerfið býður upp á sveigjaleika við innanhússbreytingar og orkusparnað sem leiðir til lægri rekstrarkostnaðar. Þar að auki þarf færri strengi en í hefðbundnu rafkerfi í flóknum byggingum og þar með minnkar brunaálag og brunahætta. Instabus kerfið er í stöðugri þróun og býður upp á nýjungar í lausnum.

Borgartúni 20, 105 Reykjavík, sími: 585 9000, fax: 585 9010, netfang: vso@vso.is, heimasíða: www.vso.is



## Um fyrirtækið

VSÓ Ráðgjöf ehf. var stofnað árið 1958. Í upphafi starfaði fyrirtækið einkum á sviði byggingarverkfræði en á síðari árum hefur verið lagt út á nýjar brautir í þjónustu til að mæta auknum þörfum viðskiptavina. Árið 1996 hóf VSÓ að veita ráðgjöf í rafkerfum og hefur EIB kerfi eða Instabus kerfi verið þáttur í þeirri ráðgjöf frá upphafi.

Upplýsingar um starfsemi VSÓ Ráðgjafar má finna á heimasíðu okkar [www.vso.is](http://www.vso.is)